

Reykjavík, 7. febrúar 2007,

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Umsögn Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998 og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991**

Um 2. gr.

Ríkisútvarpið leggst gegn þeim breytingum sem felast í 2. gr. frumvarpsins og seinka birtingu dóma Hæstaréttar er varða rannsóknarræði lögreglu s.s. símhleranir og gæsluvarðhaldsúrskurði. Með þessari breytingu er gengið lengra en þörf krefur og ekki færð málefnaleg rök fyrir því, að víkja frá þeirri meginreglu, að dómur Hæstaréttar skuli birtir, ýmist orðrétt ellegar þannig að nauðsynleg efnisatriði sé útmáð vegna eðlis mála.

Þau rannsóknarræði sem vísað er til í greininni varða grundvallarmannréttindi og nauðsynlegt er að fjölmiðlar geti fjallað um þennan málaflokk líkt og aðra.

Lagst er gegn hljóð- og myndatökubanni í húsi Hæstaréttar og vísað er til þeirra röksemda sem fylgja umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ríkisútvarpið fagnar því að í frumvarpinu er heimild fyrir Dómstólaráð að fela löglærðum starfsmanni verkefni sem hafa upplýsingagildi fyrir almenning og taka þátt í opinberri umræðu um dómsmál. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu getur slíkur talsmaður orðið til þess að bæta umfjöllun og umræðu um dómsmál með því að koma á framfæri sjónarmiðum dómara sem annars hefðu ekki heyrst.

Um 7. gr.

Ríkisútvarpið leggst gegn þessari grein frumvarpsins sem bannar hljóð- og myndatökur í dómhúsum. Breytingin gengur gegn markmiðum með ákvæðum um tjáningarfrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Vönduð umfjöllun um dómsmál er grundvallarþáttur í upplýstu lýðræðissamfélagi. Opin málsmeðferð dómstóla á að tryggja að hægt sé að fylgjast með því að allir njóti réttlátrar málsmeðferðar og að jafnræði sé í málsmeðferð þeirra sem þangað leita. Umfjöllun fjölmiðla veitir dómstólum aðhald sem fellur að þessum markmiðum. Hún þjónar því til lengri tíma bæði hagsmunum sakborninga og annarra sem koma við sögu mála.

Fréttir af málaferlum og sakamálum eru veigamikill þáttur í starfsemi fréttastofa Ríkisútvarpsins. Í dæmigerðri viku eru nokkrar fréttir af dómsmálum en í stærri málum eru lengri fréttir. Dæmi eru um að fréttastofurnar hafi sent út beint úr dómhúsi vegna dómsuppsögu í stóru máli.

Í frásögn af máli verður ekki skilið á milli mikilvægis texta, hljóðs og myndar sem saman mynda sjónvarpsfrétt. Takmörkun á einum hluta hefur neikvæð áhrif á fréttina í heild.

Fréttastofur Ríkisútvarpsins hafa sett sér skýr viðmið um hvernig staðið skuli að umfjöllun um dómsmál og hafa átt gott samstarf við dómstóla og starfsfólk þeirra. Virtar hafa verið þær reglur sem gilt hafa í dómhúsum, m.a. um að ekki skuli tekið upp hljóð eða mynd í þingsölum eftir að dómþing hafa verið sett og ekki hefur verið gengið of nærri aðilum mála. Myndavélum fréttastofu Sjónvarpsins hefur ekki verið beint inn í dómssali, þar sem þinghald fer fram, líkt og fullyrt er að fjölmiðlar hafi gert, í greinargerð með frumvarpinu.

Í athugasemd með 7. gr. frumvarpsins segir að sakborningar í málum hafi haft nokkurn ama og óþægindi af myndatökum. Þessi fullyrðing er ekki studd neinum rannsóknum né annarri tölfræði um þetta efni. Hún kann í einhverjum tilfellum að eiga við rök að styðjast, en ami eða óþægindi þess sem fengið hefur stöðu sakbornings í opinberu máli, getur vart talist grundvöllur þess að takmarka tjáninga- og athafnafrelsi fjölmiðla til að fjalla um mál. Sakborningur nýtur sama réttar og aðrir einstaklingar sem fjölmiðlar fjalla um og hefur sömu möguleika til að leita réttar síns, telji hann á sér brotið.

Í lögum eru heimildir til að loka meðferð dómsmála sem eru sérstaklega viðkvæm vegna eðlis þeirra eða vegna þess að vernda þurfi málsaðila frá þeim þrýstingi sem kann að fylgja opnu þinghaldi. Fréttastofur Ríkisútvarpsins hafa jafnan tekið mið af því mati sem farið hefur fram hjá dómara þegar málum er lokað og ekki fjallað um málsaðila, hvað þá birt myndir af þeim.

Sjónarmiðið, sem rakið er í athugasemdinni, um neikvæð áhrif á sakborninga fyrir dómi, sem kunna að hljóta af því að myndað er inn í dómsal í þinghaldi getur verið skiljanlegt. Fullyrðingar um að þetta hafi gerst eru þó ekki studdar neinum rannsóknum né tölfræði og ekki vísað til heimilda um þetta efni. Því er alls ekkert víst um hversu tíð slík tilvik eru. Hafi þetta verið raunin í einhverjum tilfellum er hægt að koma í veg fyrir þetta með vægari aðferðum. Með algjöru banni á upptökur hljóðs og mynda í dómhúsum er gengið mun lengra en þörf krefur til ná fram markmiðum um þá vernd sem aðilar máls eiga að njóta í þessu sambandi.


Dómhús eru vettvangur mikilvægs starfs fjölmiðla í samfélaginu. Í tengslum við dómsmál fara þar fram viðtöl við lögmenn málsaðila, sakborning og opinbera sækjendur mála. Með því að banna upptökur þar, eins og 7. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, er fjölmiðlum mismunað eftir því hveirrar tegundar þeir eru. Þannig munu blaðamenn dagblaða, tímarita og vefmiðla geta starfað þar óhindrað fyrir sína miðla og tekið viðtöl. Fréttamenn útvarps- og sjónvarpsstöðva munu ekki geta tekið þar viðtöl þrátt fyrir að viðmælendur séu fúsir til viðtals. Bannið mun jafnframt gera ljósmyndurum ókleift að sinna sínum skyldum.

Fjölmiðlar eru í samkeppni um að vera fyrstir með gæðafréttir. Með hljóð- og myndatökubanni er starfsmönnum ákveðinnar tegundar fjölmiðla með lögbundnu banni gert erfiðara að stunda starf sitt í dómhúsum.

Myndir af þeim sem tengjast dómsmáli; málsaðilum, lögmönnum og dómurum og öðru því sem fram fer í dómshúsi eru óaðskiljanlegur hluti frásagnar af málinu. Með því að banna myndatökur í dómshúsi eru settar óhóflegar hömlur á fréttáflutning sem ganga gegn hugmyndum um tjáningarfrelsi. Slíkt bann er til þess fallið að draga verulega úr umfjöllun um dómsmál og vitund almennings um það sem fram fer hjá dómstólunum.

Dómsvaldið er ein þriggja stöðna ríkisvaldsins. Álit þetta er ritað í þeirri trú að umfjöllun um dómstóla sé nauðsynleg og jákvæð í lýðræðissamfélagi. Með henni fái almennigur skilning á starfsemi þeirra og vitund um rétt sinn. Með vandaðri umfjöllun aukist tiltrú almennings á starfi dómstólanna öllum til heilla.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Magnússon', written over a horizontal line.

Páll Magnússon  
Útvarpsstjóri.